

3. Þeir sem starfað hafa að staðaldri við raflagnahönnun, eiga rétt á takmörkuðu starfsleyfi til að hanna raflagnauppdrætti í samræmi við stærð þeirra uppdráttu sem þeir hafa hannað undir umsjón og eftirliti löggildra aðila eða fengið samþykki opinberra aðila fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 92/1996 um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. nóvember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

fyrir reynslusveitarfélagið Reykjavíkurborg.

Félagslegar íbúðir.

1. gr.

Borgarstjórn eða Húsnæðisnefnd Reykjavíkur ákvarðar til hvers konar félagslegra íbúða (lánaflokka) lánnum í því skyni er varið, þ.e. félagslegra eignaríbúða, félagslegra kaupleiguíbúða, félagslegra leiguíbúða eða almennra kaupleiguíbúða.

2. gr.

Allar umsagnir um íbúðakaup eða framkvæmdir verða unnar af Reykjavíkurborg. Á framkvæmdatímanum ber Reykjavíkurborg ábyrgð og hefur eftirlit með framkvæmdum jafnt tæknilegum sem fjárhagslegum og sendir staðfestingu á verkstöðu hverju sinni. Um stærð og gæði íbúða fer eftir almennum reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

3. gr.

Að öðru leyti gilda lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

4. gr.

Úttektaraðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög fylgist með framkvæmd samþykktar þessarar og metur hvernig til hafi tekist.

5. gr.

Samþykkt þessi, sem borgarráð Reykjavíkur hefur staðfest með heimild í 10. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, öðlast gildi þegar í stað og gildir til 1. janúar 2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. nóvember 1996.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.